

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akraness 1980–2000.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akraness hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 27. maí 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akraness 1980–2000 frá 3. maí 1982, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að verslunarlóð íbúðarsvæðis á Jörundarholti breytist í þrjár íbúðarhúsalóðir.

Bæjarstjórn Akraness tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 18. júní 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Egilsstaða 1984–2004.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Egilsstaða hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 1. apríl 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Egilsstaða 1984–2004, frá 5. nóvember 1985, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

Hætt verður við fyrirhugaða götu vestan undir Hamrinum og nyrðri hluti fyrirhugaðs íbúðarsvæðis vestan Hamarsins tengdur til norðurs við núverandi íbúðarsvæði.

Bæjarstjórn Egilsstaða tekur með samþykkt þann 28. apríl 1992 á sig hugsanlegar skaðabótakröfur sem hljótast kunna af þessari skipulagsbreytingu.

Umhverfissráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um sektargerðir lögreglumanna.

1. gr.

Lögreglumenn hafa heimild til að sekta vegfarendur, sem gerst hafa sekir um brot á umferðarlögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, enda megi telja, að refsing fyrir brotið muni ekki fara fram úr kr. 7.500. Sama gildir um brot á ákvæðum lögreglusamþykktu.